

til framburða fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, enda þótt rannsókn hafi þar verið lokið, þá er málið var höfðað.

Lagarök skortir alveg í stefnu.

Þá hefur af hálfu stefnanda verið bryddað upp á nýrri málsástæðu undir rekstri málsins. Málsástæða þessi er þó þess efnis, að hafa mátti hana uppi þegar í stefnu, þar mátti reifa hana og gera grein fyrir, hvernig sanna átti hana. Þetta sést best á því, að stefnandi skorar á stefnda að leggja fram ákveðin skjöl. Hann átti því að geta gert grein fyrir, til hvers nota átti skjölin, og gera það. Á þetta skortir verulega.

Þegar þetta allt er skoðað, þykir málatilbúnaður stefnanda svo óljós og grunnur málsins svo illa lagður, að efnismeðferð málsins verði erfiðleikum bundin, þannig að erfitt geti reynst að leggja efnisdóm á málsefnið. Rétt þykir þannig með tilvísun til d, e og f liða 88. gr. svo og 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936, eins og ákvæðum þessum var breytt með lögum nr. 28/1981, að vísa málinu frá dómi.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Miðvikudaginn 3. nóvember 1982.

Nr. 67/1980. **Valhöll h/f**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Vilhelmínu Vilhjálmsdóttur

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Kaupgjaldsmál. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1980. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar til hennar fyrir Hæstarétti.

Lögmaður áfrýjanda hefur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Mál þetta var þingfest á aukadómþingi Árnessýslu 13. september 1979. Af hálfu stefnanda, Vilhelminu Vilhjálmsdóttur, var þá lögð fram stefna auk greinargerðar og 6 annarra skjala. Þing var sótt af hálfu stefnda, Valhallar h/f. Næst var málið tekið fyrir á dómþingi 26. september 1979. Var þá lögð fram greinargerð hlutafélagsins, þar sem segir m. a.: „ . . . stefnandi hóf ekki störf hjá stefnda fyrr en mun síðar en í stefnu greinir . . . og . . . vinnustundir hennar voru mun færri en hún heldur fram“. Var aðallega krafist sýknu, en lækkunar stefnukröfu til vara. Þá var og krafist málskostnaðar. Í greinargerðinni segir einnig, að vinnugeta Vilhelminu hafi verið skert vegna heilsubrests. Eins og kemur fram í héraðsdómi, var þing ekki sótt fyrir Valhöll h/f eftir þetta, en þingað var í málinu 23. október og 1. nóvember. Var það þá tekið til dóms, eftir að kröfum stefnanda hafði verið breytt til lækkunar.

Þegar héraðsdómari dæmdi málið, lágu ekki fyrir honum önnur gögn frá Valhöll h/f en greinargerð, sem undirrituð var af framkvæmdastjóra Hótels Valhallar á þessum tíma. Vilhelmina Vilhjálmsdóttir hafði sundurliðað kröfur sínar og tiltekið fjölda þeirra vinnustunda, sem hún krafðist greiðslu fyrir. Fær vinnustundafjöldinn staðist miðað við frásögn Vilhelminu af vinnufyrirkomulagi í Hótel Valhöll vorið 1979. Hefur þeirri frásögn ekki verið mótmælt almennt, en hins vegar hefur því verið mótmælt, að störfum Vilhelminu hafi verið hagað í samræmi við hið almenna fyrirkomulag. Tvö vitni höfðu komið fyrir dóm, og hafði aðilja-skýrsla Vilhelminu fengið nokkurn stuðning af framburð-

um vitnanna. Verður því að telja, að héraðsdómari hafi komist að rétttri niðurstöðu miðað við það, hvernig málið lá fyrir, þegar hann kvað upp dóm sinn.

Áfrýjandi hafði í héraði stutt sýknukröfu sína og varakröfu þeirri málsástæðu, að vinnustundir Vilhelminu Vilhjálmsdóttur væru ekki rétt tilgreindar í skýrslu hennar. Verður að telja, að sönnunargögnum um þetta megi koma að í Hæstarétti, eins og á stendur, en sönnunarbyrðin hvíli á hlutafélaginu. Mótmæli, sem fram komu í munnlegum málflutningi gegn vitnaskýrslum, eru þó of seint fram kominn, sbr. 4. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936 og 58. gr. laga nr. 75/1973.

Þau nýju gögn, sem áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt og varða beinlínis vinnustundafjöldann, sem um er deilt, eru í fyrsta lagi utanréttarvottorð manns, sem kveðst hafa starfað í Hótel Valhöll 1979, og í öðru lagi skýrsla framkvæmdastjóra hótelsins, sama manns og undirritaði greinargerðina í héraði. Þessi gögn fá ekki hnekknið niðurstöðu héraðsdóms, og ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir vera hæfilega ákveðinn 4.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Valhöll h/f, greiði stefndu, Vilhelminu Vilhjálmsdóttur, 4.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómpings Árnassýslu 28. janúar 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 1. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 31. ágúst sl., á hendur Valhöll h/f, Þingvallahreppi, af Vilhelminu Vilhjálmsdóttur, Hringbraut 34, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Valhöll h/f, verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 439.336 auk 4% dráttarvaxta á mánuði og broti úr mánuði frá 1. júlí 1979 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Upphafleg kröfufjárhæð var kr. 537.231, en í þinghaldi 1. nóvember 1979 lækkaði talsmaður stefnanda kröfurnar, og eru þær nú þær, sem að framan er lýst.

Stefnandi kveður kröfur sínar á því reistar, að hún hafi starfað fyrir stefnda við þjónustustörf á Hótel Valhöll á tímabilinu 3. maí til 15. júní 1979. Hafi henni borið laun skv. samningi Félags starfsfólks í veitingahúsum og Félags veitinga- og gistihúsa-eigenda, og sundurliðast kröfur hennar þannig:

„3.—31. maí 1979.

Dagvinna skv. kauptaxta kr. 173.514

Frádráttur 1. og 2. maí, 16 st. dv. — 16.144

Mism. inneign kr. 157.370

Næturvinna

5., 6., 12., 13., 19., 20., 26., 27. dagar maí þ. e. 8x16

klst. = 128 klst. x kr. 1.816 — 232.448

1. — 15. júní 1979

dagvinna skv. kauptaxta (193.294:2) — 96.647

Næturvinna

2., 3., 9., 10. dagar í júní þ. e. 4x16 klst. = 64 klst.

x kr. 2.023 — 129.472

Kr. 615.973

Orlof 8.33% — 51.307

Kr. 667.280

Úttekt skv. nótum ÷ — 27.944

Innborgað 11.6. 1979 ÷ — 200.000

Skuld kr. 439.336“.

Við þingfestingu málsins var sótt þing af hálfu stefnda og krafist sýknu af stefnukröfum. Í þinghaldi 26. september sl. var lögð fram greinargerð af hálfu stefnda. Stefnandi kom fyrir dóm þann 23. október og gaf skýrslu svo og 2 vitni, en ekki var sótt þing af hálfu stefnda, en af hans hálfu var tilkynnt, að talsmaður stefnda gæti ekki sótt þing sökum anna. Málinu var frestað til 1. nóvember sl., og féll þá niður þingsókn af hálfu stefnda, og var málið þá tekið til dóms að kröfu umboðsmanns stefnanda.

Í greinargerð stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi hvergi nærri skilað þeim tímum, sem launa er krafist fyrir í stefnu, og að hún hafi hlaupið fyrirvaralaust úr vistinni hjá

stefnda. Hafi hún þá verið búin að vinna fyrir kr. 204.000, en taka út 227.944 og eigi því engar frekari kröfur á hendur stefnda.

Stefnandi hefur komið hér fyrir dóm og skýrt svo frá, að hún hafi hafið starf hjá stefnda 3. maí 1979, en hafi áður unnið hjá stefnda á árunum 1976 og 1977. Hún kvaðst hafa verið ráðin til starfa allt sl. sumar við sumargistihús stefnda á Þingvöllum. Hún kvaðst hafa hætt störfum 15. júní 1979 vegna þess atviks, að starfsmaður í eldhúsi hljóp að henni með sveðju á lofti.

Hún kvaðst hafa unnið virka daga frá kl. 0800—1500 annan daginn, kl. 1500—2230 hinn nema laugar- og sunnudaga, þá hafi hún unnið frá kl. 0800—2330. Hún kvaðst hafa starfað í eldhúsi hótelsins.

Vitnið Guðmundur Erlendsson framreiðslumaður hefur komið hér fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann og stefnandi hafi hafið störf 3. maí 1979. Hafi stefnandi starfað í eldhúsi bæði virka daga og um helgar, en veislur hafi verið haldnar um helgar í maí-mánuði og því annasamt, þótt hótelið hafi ekki opnað fyrr en í júníbyrjun.

Vitnið Steinunn Harðardóttir starfsstúlka hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að stefnandi hafi unnið mjög mikið um helgar, gjarnan frá kl. 0800 á morgnana og fram á kvöld.

Hún kvaðst hafa hafið störf þann 1. maí, en stefnandi hafi byrjað litlu seinna, líklega 3. maí 1979.

Eins og að framan greinir, féll niður þingsókn af hálfu stefnda þann 1. nóvember 1979, og krafðist umboðsmaður stefnanda þá dómtöku málsins. Verður málið því dæmt eftir framkomnum gögnum, sbr. 118. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Þykja þau vera í samræmi við kröfugerð stefnanda, og verða því kröfur hennar teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir ákvarðast 22% ársvextir frá 1. júlí 1979 til 1. september s. á., en 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., en 31% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 300.000.

Dómsuppsögn hefur dregist vegna veikinda dómara.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Valhöll h/f, greiði stefnanda, Vilhelmínu Vilhjálmisdóttur, kr. 439.336 með 22% ársvöxtum frá 1. júlí 1979 til 1. september s. á., en með 27% ársvöxtum frá þeim

degi til 1. desember s. á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 300.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. nóvember 1982.

Nr. 142/1979. **Sigurður Guðmundsson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Baldri Bergsteinssyni

(Brandur Brynjólfsson hrl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1979. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fjárhæð kröfu stefnda (stefnanda í héraði) er reist á yfirlýsingu Indriða Nielssonar byggingameistara, dagsettri 6. febrúar 1973, þar sem hann upplýsir, að samkvæmt mati hafi kostnaður við annað mannvirki, hliðstætt því, sem hér er deilt um, numið fjárhæð þeirri, sem lögð er til grundvallar í þessu máli. Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var Indriði Nielsson einn þeirra, sem fengu úthlutað fjölbýlishúsalóðinni nr. 18—32 við Maríubakka samtímis stefnda. Hin tilvitnaða matsgerð hefur ekki verið lögð fram í máli þessu og ekki heldur kostnaðarreikningur frá stefnda vegna mannvirkis þess, sem hér er deilt um. Þá verður ekki séð, að mat hafi farið fram á því, hvert hafi verið eðlilegt kostnaðarverð undirgangs þess, sem hér um ræðir.